



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 4. mars 2020 í klúbbhúsi félagsins og hófst 19:15

Fundinn sátu: Árni Áskelsson (ÁÁ) mætti 20:00, Hulda Stefanía Hólm (HH), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JP), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA) fór 20:25, Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG) mætti 19:45, Sólveig Þorleifsdóttir (SP)

Fundargerð ritaði: ÓA og HH.

Dagskrá

- Fundargerðir síðastu funda bornar fram til samþykktar.
Samþykkt eftir smá breytingar.
- Lán og leiga búnaðar í eigu eða í vörslu Þyts
Ef búnaður fer út af svæðinu þarf að bóka það. Annars ræðst lán leiga af gjaldskrá og rekstrarsamningi Þyts við Hafnarfjarðarbæ.
- Finna pípara til að fara yfir sturturnar og laga krana á brunaslöngu í bátasal
ÁÁ tekur að sér.
- Finna rafvirkja til að setja ljós í sturturnar í stelpuklefanum og laga ljósarofa í salnum
ÁÁ tekur að sér og einnig uppvottavél.
- Bjartir dagar (dagskrá)
HH og MP mæla sér mót við Andra Ómarsson, framkvæmdarstjóra Bjartra daga. Reynum að vera með skiptstjóra og hæfan háseta. Sækjum um 100 þúsund króna styrk.
- Staða peningamála hjá Þyt.
Eftir að gjaldkeri hafði farið yfir fjárbókhald síðasta ár eru nokkrar úttektir sem vantar frekari skýringar á. HH, SR, MP óska heftir fundi með skoðanmönnum reikninga síðasta árs. MP boðar fund. HH á bókaðan fund með fyrverandi gjaldkera.
- Starfsáætlun fyrir árið
Fræðslukvöld fara vel af stað og kajakstarfið er hafið. Virkja þarf foreldra í fjáraflanir kænudeildar.

Undanfarin ár hefur bærinn veitt styrki til íþróttafélaga til þess að kynna 6. bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar sumarstarfsemi hafnfirskra íþróttafélaga. Reynt er að hafa samband við alla 6. bekkjar kennara og bjóða þeim kynningu í húsi Þyts í maí. Reynolds er af því að hafa tvær kynningar á dag. Eina fyrir hádegi og eina eftir hádegi. ÁÁ getur tekið að sér fyrir hádegi. MP óskar eftir fundi með Geir Bjarnassyni, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa bæjarins.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stefnt verður að því að hafa tvo opna dagar í viku í vor. Hugsað sem tækifæri fyrir þá sem eru forvitnir um starfið og vilja prófa. Þeir verða á fimmtudagskvöldum 17-22 og laugardagsmorgnum 9-13. Kænubátar í boði fyrir fullorðna.

Á dagskrá sumarsins verður: Samhristingur deilda, Mömmudagur, Opnunarmát kjölbáta Reykjavík-Hafnarfjörður 23-24 maí, Kænumót 13-14 júní.

8. Ráðning þjálfara fyrir kænudeildina

Stjórn felur MP og HH að semja um kaup og kjör við Ríkarð Ólafsson og Töru Markúsdóttur með fyrirvara um samþykki stjórnar.

9. Greiða atkvæði um árgjald og gjaldskrá

Tekið af dagskrá

10. Kynningarmál

MP hefur samband við hafnarstjóra varðandi aðkomu að sögusýningu Hafnarfjarðar.

Huga þarf að kynningu dagskrár Þyts fyrir Bjarta daga og Sjómannadaginn. HH kynni hugmyndir á næsta fundi.

Til þess að félagið geti birt myndir af barnastarfi félagsins þarf leifi foreldra. Gera þarf eyðublað fyrir það og/eða kanna hvort hægt er að gera það rafrænt í Nora.

11. Umgengnisreglur um samfélagsmiðla sem tengjast starfi Þyts.

Minna á reglur ÍSÍ og SIL. Búa til notanda sem æðstur á FB og er fulltrúi stjórnar. MP og ÓA.

12. Ræða afstöðu stjórnar til aðstöðunefndar.

Stjórn Þyts árið 2018 skipaði í aðstöðunefndina á stjórnarfundum þann 5. nóvember 2018 og því rangt það sem fráfarandi formaður Þyts sagði um skipan hennar á síðasta aðalfundi og kemur fram í aðalfundargerð. Þar segir hann að aðstöðunefnd hafi verið samþykkt á aðalfundi. Síðasti aðalfundur samþykkti að í aðstöðunefnd muni sitja Ragnar Hilmars, Friðrik Friðriksson, Hulda Sefanía og Sigurður Ragnar. Útbúa þarf nýtt skipunarbréf.

13. Stofnun gestabátanefndar

Verkefni nefnarinnar er að greina hvaða þjónustu Þytur getur og langar til að geta veitt gestaskútum. Skal þá horft til núverandi aðstöðu og framtíðaraðstöðu Þyts. Nauðsynlegt er að þessi nefnd og aðstöðunefnd tali saman. Hugsanlegir samstarfsaðilar gætu verið Hafnarfjarðarhöfn, markaðsstofa Hafnarfjarðar, verslanir í bænum. Varðandi kynningarmál þá þykir skoski bærinn Stormovej. ÁÁ settur sem formaður nefndarinnar. Jóhannes í meðstjórn.

14. Önnur mál

Mála þyrfti gang, kaffistofu og skrifstofu. MP kallar eftir viðhaldsskýrslu fráfarandi stjórnar.

Kaffivél í samkomusal er biluð.

Aðgangskort. Búið að kaupa 10 kort og panta 100. MP



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Forgjafir Secret báta þarf að endurnýja. MP

Næsti stjórnarfundur boðaður 1. apríl klukkan 19:15

Fundi slitið klukkan 22:00